

## Athugun á laxa- og fiskalús 31. ágúst 2016

---

Þriðjudag 31. ágúst var farið í athugun og talningu á laxa- og/eða fiskilús á fiskum í kvíum Arctic Sea Farm hf. í Dýrafirði. Athugunin er liður í vottunarferli Arctic Sea Farm hf. hjá alþjóðlegu samtökunum ASC (Aquaculture Stewardship Council) sem veita vottun fyrir ábyrgt og sjálfbært fiskeldi. Við framkvæmd athugunarinnar var haft til hliðsjónar leiðbeiningar Matvælastofnunar (Mast, 2014) og farið eftir samningi NV nr.18-15.

Lagt var af stað frá höfninni á Þingeyri kl. 08:00 á bátnum Dýrfisku ÍS. Skipstjóri var Bernharður Guðmundsson og með í för var Darius Slatkevicius starfsmaður Arctic Sea Farm hf.. Starfsmaður Náttúrustofu Vestfjarða var Cristian Gallo verkefnastjóri. Veður var með besta móti og vinnuaðstæður því góðar. Komið var í land aftur kl. 10:00.

Hafist var handa við kvíaþyrpingu út af Haukadal en þar eru sex kvíar með regnbogasilungi. Athugaðir voru 10 fiskar úr kví Hb 1, Hb 3 og Hb 6. Niðurstöður athugana má finna í töflu 1. Upplýsingar um fjölda fiska og meðalþyngd þeirra fengust frá Bernharði Guðmundssyni.

Eins og sjá má í töflunum hér fyrir neðan, fundust 2 kynþroska laxalýs í kví Hb 1 (báðar kvenlýs), 5 laxalýs (4 kynþroska kvenlýs og 1 hreyfanleg) í kví Hb 3 og 4 laxalýs (3 kynþroska kvenlýs og 1 karllús) í Hb 5. Eftir að tankinn var skolaður fannst 1 laxalús (karllús) í viðbót. Allar lýsnar voru taldar og greindar undir smásjá en flestallar höfðu verið teknar frá fiskunum. Allar laxalýs voru u.þ.b. 1 til 1,1 cm og greindar sem *Lepeophtheirus salmonis*. Af 12 laxalúsum, voru 9 kynþroska kvenlýs, 2 karllýs og 1 hreyfanleg lús. Allar fiskilýs voru minni u.þ.b. 5-6 mm, af 42 fiskilúsum var 13 kynþroska kvenlýs og allar greindar sem *Caligus elongatus*. Fiskarnir sem voru með flest lýs (bæði laxalýs of fiskilýs) voru lónari fiskar og í kví 3 fundust fleiri lýs í samanbuðri við hina kvíana 2 kvíana. Engin lónari fiskur var tekinn í kví Hb 1 og 1 in kví Hb 6.

Næsta athugun mun fara fram eftir tvær vikur samkvæmt ASC og NV samningi.

Mynd 1. Kynþroska laxalýs fundust á regnbogasilungi í Haukadalsbotn 31. ágúst 2016 í kví Hb 6.  
(Nave)



Tafla 1. Athugun á lús á fiskum úr kví Hb 1, Hb 3 og Hb 6 í Haukadal 31. ágúst 2016.

Kví Hb 1 Þyngd 1,97 kg  
Sjávarhiti 11°C Fjöldi í kví 145.306

Fiskur nr	F	H	K	Fiskilús	Athugasemdir
1	0	0	0	0	
2	0	0	1	1	Kynþroska kvenlús
3	0	0	0	1	
4	0	0	0	1	
5	0	0	0	0	
6	0	0	0	1	
7	0	0	0	0	
8	0	0	1	0	Kynþroska kvenlús
9	0	0	0	0	
10	0	0	0	0	
<b>Samtals</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>2</b>	<b>4</b>	



**NÁTTÚRUSTOFA  
VESTFJARÐA**

Kví Hb 3 Þyngd 2,85 kg  
Sjávarhiti 11°C Fjöldi í kví 72.847

Fiskur nr	F	H	K	Fiskilús	Athugasemdir
1	0	0	1	3	Lónari fiskur, kynþroska kvenlús
2	0	1	1	8	Lónari fiskur, kynþroska kvenlús
3	0	0	1	2	Lónari fiskur, kynþroska kvenlús
4	0	0	0	3	Lónari fiskur
5	0	0	0	2	
6	0	0	0	2	
7	0	0	1	2	Kynþroska kvenlús
8	0	0	0	2	
9	0	0	0	2	
10	0	0	0	1	
<b>Samtals</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>4</b>	<b>27</b>	

Kví Hb 6 Þyngd 1,47 kg  
Sjávarhiti 11°C Fjöldi í kví 82.367

Fiskur nr	F	H	K	Fiskilús	Athugasemdir
1	0	0	0	1	
2	0	0	1	3	Kynþroska kvenlús
3	0	0	0	0	Lónari fiskur
4	0	0	0	0	
5	0	0	0	1	
6	0	0	2	2	1 kvenlús og 1 karllús
7	0	0	0	0	
8	0	0	0	0	
9	0	0	1	2	Kynþroska kvenlús
10	0	0	0	2	
<b>Samtals</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>4</b>	<b>11</b>	

Minnisblað ritar Cristian Gallo, Bolungarvík, 1. september 2016.

